

## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

### Stjórnarfundur 4

**Staðsetning fundar:** Skipulagsstofnun, Borgartún 7B

**Dagsetning:** Þriðjudagur, 21. Ágúst 2018 – 15:00-17:00

**Mættir eru:** Þórhildur, Ragnar, Olga, Bjarni, Gyða Mjöll, Kristjana, Ólafur og Kristján

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/  
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

### Dagskrá fundar:

- 1. Skipulagning haustsins**
  - Viðburðir
  - Fagleg forgangsröðun
  - Fundir sveitarfélög
  - Forgangsröðun í rekstrarmálum
  - Erlendir fundir /ráðstefnur
  - Starfshlutfall
- 2. Staðan á WGBC umsókn**
- 3. Lógó - Markaðssetning**
- 4. Styrkir – fjármögnun – möguleikar**
- 5. Hlutverk stjórnar – stefna – markmið verkefni**
- 6. Annað**

Nafnaumræða – nafnið var samþykkt og nú heitum við **Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Félagið þurfti ekki sérstakt samþykki fyrir því að heita Grænni byggð þegar Green Building Council Iceland var bætt við.

Við þurfum að vera dugleg að nefna Grænni Byggð - Green building Council Iceland meðan nafnið er að verða opinbert og tengja það við gamla nafnið ef fólk er ekki að átta sig.

Morgunfundurinn ræddur þar sem Ragnar og Gyða voru með fyrirlestra. Mjög vel heppnað, góðar umræður. Ragnar fór í útvarpsviðtal til að ræða þessi mál. Miðlarnir að vakna. Þórhildur og Ragnar ætla að fylgja þessum umræðum eftir með blaðagrein. Grænenska leiðin er eitthvað sem við getum lært af varðandi sjálfbærni í íslenskum byggingariðnaði. Miðlæg, opinber stýring einfaldar margt hjá Grænendingum hvað varðar þessi málefni.

Ólafur varpar því fram í byrjun fundar hvort að við sem samtök ættum ekki að þróa okkar eigið vottunarkerfi, einfaldari lausn en erlendu kerfin sem er verið að nota á íslenskum markaði í dag. Byggt á því sem hefur nú þegar verið gert, til að byrja með. Mörgum spurningum varpað fram af stjórnarmeðlimum (sjá umræðu aftar í fundargerð). Vera með einhversskonar stimpil/viðurkenningu frá Grænni byggð sem virkar eins og vottun á byggingar.

Umræða um RB blöð hjá stofnuninni sem Ólafur er í forsvari fyrir, Rannsóknarstofa Byggingariðnaðarins. Það þarf að uppfæra RB blöðin.

Úrgangsumræða – það þarf að vinna í því að efla leiðbeiningar um úrgangsstjórnun á Íslandi. Grænni byggð hefur sett úrgangsmál á verkefnalista sinn fyrir veturinn eins og áður hefur verið komið inn á.

## 1. Skipulagning haustsins

### Viðburðir

- Vinnustofan 6. September „Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“

Þórhildur ásamt fleirum er að vinna að þessu verkefni ásamt vinnuhóp. Vinnan fer að miklu leiti í það fram að vinnustofu.

- Byggingarúrgangur með Fenúr og Samtökum iðnaðarins – 1. Nóvember.

Þessir tveir viðburðir komnir á kortið.

- Ábyrgur byggingariðnaður?

Fundur með Katli hjá Festu. Ketill fer að hætta. Festa er með 10 verkefni í gangi – ábyrgur í byggingariðnaði er í 8. Sæti.

Aðeins að sjá til með þennan viðburð og aðkomu Festu að honum. Það þarf að skíra þessar línur.

### **Fagleg forgangsröðun**

1. Úrgangsmál – byggingarúrgangur
2. Skýrslan „Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“
3. Þurfum að fara að lenda markaðsefninu okkar áður en við förum að kynna okkur í haust og sækja fleiri meðlimi.

### **Fundir sveitarfélög**

Þurfum að vera með skýr skilaboð þegar við förum á fund með sveitarfélögum.

Fundur samtaka tæknimanna sveitarfélaga – ráðstefna/fundur sem er yfirleitt haldinn að hausti.

Væri gott að kynna okkur þarf, jafnvel að vera með erindi um eitthvað ákveðið málefni sem Grænni Byggð hefur unnið að og gæti gagnast sveitarfélögum.

Úrgangsmál sveitarfélaga t.d. – hugmyndur að úrbættum/umbótum fyrir þennan málaflokk.

### **Forgangsröðun í rekstrarmálum**

- Uppfæring á lógó-i
- Kynningarbæklingur
- Vinna áfram með heimasíðuna
- Einfalda umsóknarferlið og það að gerast aðili að Grænni byggð.

Eignaumsjón hefur sóst eftir aðild. Eiga fullt erindi.

### **Erlendir fundir /ráðstefnur**

WGBC ráðstefnur/fundir nú í haust sem við getum tekið þátt í.

European network (Evrópunetworkið fyrir WGBC – „strategic planning“ á dagskrá). Gyða fer á hann.

Building sustainability (Stokkhólmi) – 24- 26. Október.

Osló fundur núna á næstu dögum sem Þórhildur fer á. Kick off fyrir Grønn Byggallianse Norge og fundur með norrænu Green Building councils.

### **Starfshlutfall**

Þórhildur getur verið í 80-100% starfshlutfalli í vetur. Þá er hægt að setja meiri kraft í félagið – nóg að gera og mikill hiti í þessari umræðu á Íslandi í dag. Hamra járníð á meðan heitt er.

## **2. Staðan á WGBC umsókn**

Þórhildur sendi umsóknina út 4.júlí, á skype fund með manni frá WGBC á morgun. Sá maður hefur verið jákvæður í umsóknarferli Grænni Byggðar að WGBC. Bauð okkur að koma á ráðstefnuna í haust þó við séum ekki orðnir formlegir aðilar.

Fáum svar við umsókninni sem við þurfum mjög líklega að bregðast við.

Stig aðildar – það þarf að vera framkvæmdarstjóri í 100% stöðu til að koma upp á næsta stig aðilar. Þeir leggja mikla áherslu á það.

**Innkoman þarf að fara úr 7 milljónum upp í 12 milljónir á ári. Kallar á aðgerðir.**

Leiðir: t.d. beinn styrkur frá ríkinu. Og aðrar leiðir til að fjármagna.

Herja á fleiri aðila – t.d. opinbera aðila.

### 3. Lógó – Markaðssetning

Þróa tillögur að lógó-i áfram með systur Kristjönu. Bjarni og Olga hitta hana og ræða frekari tillögur. Biðja hana um að sjá um útlitið á heimasíðunni okkar líka.

Kristjana og Þórhildur vinna staðalform af glærुकynningu og kynningarefni fyrir Grænni byggð sem verður unnið út frá sömu litasamsetningu og lógó-ið.

Styrkja og skerpa á markaðsefninu okkar eins og við höfum oft rætt um.

Það er mjög sterkt að fá erlendan fyrirlesara sem slær í gegn, má bara ekki kosta of mikið, og krydda það með Íslendingum.

Ólafur getur sett Grænni byggð í fyrirlestrarröð RB (Rannsóknarmiðstöð byggingariðnaðarins) – þá getur hann fengið peninga til þess að kaupa flottan fyrirlesara.

Hugmyndir að fyrirlesurum: Skanska. Margir flottir þar.

#### **Markaðssetningin:**

Okkur vantar ekki efni – það er meira mál að koma efninu sem við höfum nú þegar vel frá okkur.

Hvað er Grænni byggð?

Þá er gott að geta varpað upp á skjá nokkrum glærum.

- Hvað er grænni byggð
- Markmiðin
- Hver erum við
- Hvað gerir félagið

Þá erum við með staðlað form. Gott að þessi glærusýning sé aðgengileg á heimasíðu. Þá er hægt að sækja hana hvar sem er og benda fólki á að skoða þessi markmið ef verið er að „selja“ aðild að félaginu t.d.

Lénin okkar:

*Igbc.is /Graennibyggd.is*

*Igbc.isi – væri sterkt að bæta í að aftan við. Þyrftum að tryggja okkur það lén.*

**Koma Grænni Byggð - Green Building Council Iceland á LinkedIn – sterkt fyrir markaðssetningu og tengslanet.**

#### **4. Styrkir – fjármögnun – möguleikar**

Aðildagjöld eru í raun of há og of lá nefnir Þórhildur. Snúið að útfæra þetta módel.

Fjármögnun – hvaða model erum við að skoða. Getum ekki beðið fólk um að borga 500.000 á ári án þess að það viti nákvæmlega hvað við erum að gera.

Þessa upphæð þarf að ræða betur.

Við erum svolítið öðruvísi samtök en Festa – þar kaupir maður samfélagsábyrgð. Hvað fær fólk þegar að það kaupir aðild að Grænni byggð?

Við þurfum að vera miklu sýnilegri svo að það sé eftirsóknarverðara að vera með í Grænni Byggð. „Kaupa sér ásýnd“

Það væri hægt að bjóða upp á kynningaraðild. Afslátt fyrsta árið.

Það er ákveðin gulrót að fá frítt á viðburði.

Markmið næsta árs er 50% aukafjármögnun. Það kallar á aðgerðir.

Við viljum ekki vera ríkisrekin – en það gæti verið hjálplegt að byggja styrk frá opinberum aðilum sem hluti af fjármögnun.

Bjarni nefnir að hann sé farinn að sjá þess merki í kringum sig að fyrirtæki í iðnaðinum eru farin að undirbúa sig undir að það muni hægja á þenslunni á einhverju tímapunkti. Forsendur eru að breytast. Færri hótélbyggingar t.d. Flóran á markaðnum og samsetning verkefna er að breytast. Það er að draga úr yfirsúningi. Allskonar þjónusta sem hefur orðið til á síðustu árum er aðeins að dragast saman.

Það er alltaf verið að draga viðhald – það eru verkefni sem bíða þess þegar að hægir um. T.d. hjá ríkinu. Þó það hægist á þenslu þýðir það ekki að það verði engin verkefni. Hlúa að því sem fyrir er.

Athuga með starfsnema – „win win“ staða. Þeir hjá WGBC líta mjög jákvætt á það. HR/HÍ. Athuga með tengingar þar inn.

Ef við höldum ráðstefnu er mjög sterkt að fá ráðherra ef erlendir fyrirlesarar koma, þeim finnst mikil vigt í því.

**Eigið vistvottunarkerfi Grænni Byggðar – umræða**

Okkar eigið vottunarkerfi – umræðan kemur aftur upp í tengslum við fjármögnun. Væri mikill tekjulind að reka einhverskonar vottunarkerfi. Eitthvað sem við mætum skoða almennilega.

Væri sterkt að vera með mánaðarlegt hrós – það sem er vel gert á vettvangi byggingariðnaðarins.

Mörg vistbyggðaráð erlendis halda utan um/reka vistvottanir. Eitthvað sem þarf að skoða alvarlega á Íslandi.

Ragnar kemur með hugmynd um hvernig mætti setja þetta upp: Þú hefur áhuga á að gera vistferilsgreiningu. Þú sækist eftir leiðbeiningum frá Grænni byggð – þá eigum við til leiðbeiningar og getum útvegað leiðsögn í þessu (Ragnar hefur t.d. góða reynslu frá Grænlandi í að halda utan um slíkt). Þá gætum við selt þetta frá okkur = tekjulind.

Þórhildur: Ef við viljum fara þessa leið þá er það töluverð vinna að hrynna því í framkvæmd. Það þarf að vera með eftirlit og þriðja aðila til að fá þetta viðurkennt og samþykkt. Mikil skrifinska sem fylgir þessu.

Við ættum að leita út fyrir landsteinana varðandi þessi mál. Það væri gott ef að Þórhildur gæti hlerað aðeins um það hvernig önnur félög erlendis eru að fjármagna sig.

**Kalla þetta viðurkenningu/gæðastimpil ekki vottun.** Þetta þarf ekki að vera svo flókið.

Þórhildur leggur til að Ólafur komi með tillögu að slíkri viðurkenningu fyrir næsta stjórnarfund. Viðurkenning a, b og c. Einfalt kerfi fyrstu 5 árin. 1 eða 2 þrep. Látum þetta gerjast.

Rekstur slíks kerfis gæti einnig aukið okkar vigt sem fræðslu og leiðbeiningarfélag.

Ólafur og Ragnar gætu útbúið þetta fyrir okkur saman. Að Grænni Byggð taki þennan bolta og sjá um að reka þetta. Gagnagrunnur fyrir vistferilsgreiningar og vistvæn byggingarefni m.a.

Væri gott að fá reynslu Finns Sveinssonar?

Það sem gerist er það að með þessu er hægt að bera saman byggingar með þetta merki/stimpil Grænni Byggðar. Íslensk viðmið og íslenskur samanburður.

Hver fær verðlaunin? Byggingaraðilinn, kaupandinn, sérfræðingarnar? Þetta er samvinnuverkefni, allir uppskera sem koma að slíku ferli.

Ólafur nefnir: Útskorna lágmynd með viðurkenningu/vottun úr sjálfbæru byggingarefni.

Tökum þetta mál til nánari skoðunar.

Sækja fé til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur / Ráðuneyta.

## 5. Hlutverk stjórnar – stefna – markmið verkefni

Sjá umræðu að ofan.

## 6. Annað

Það skapaðist mjög lífleg umræða um sjálfstætt „umhverfiskerfi“ Grænni byggðar sem gæti m.a. virka sem fjármögnunarleið fyrir félagið. Þróunarvinna sem þyrfti að skoða af alvöru, töluverð umsýsla en þó hægt að stefna að því að hafa þetta einfalt til að byrja með. Myndi auka vægi Grænni Byggðar á markaðnum.

Næsti stjórnarfundur: 7. september – í kjölfar vinnustofunnar í Rúgbrauðsgerðinni.

27. september – Kick off á nýju markaðsefni. Stefnum að því, sjáum hversu langt við náum.

Fundi slitið: 17:10